



## Ræða um þjóðmál og Íslendinga, ódagsett.

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Ræður – Þjóðmál – Þjóð – Íslendingar

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður

Askja 4-4, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Íslendingar öldum  
saman káttir en landur valdi.  
Vítur bendu aldrei rétt annars;  
viki til afskipta af ísl.  
máttum, þótt elsi bævi þeir  
bragður á rétt þannags, en  
þá einnagis sem þannags  
Íslands.

Þessv. heimkentu 'Ísl.  
þjóðfund eta sérstakt stjórns  
lagafing í landinu sjálfr  
1848 og ritan. Þessv. mót-  
mæltu Ísl. setningu stötu  
laganna og ritan. Þessv.  
vildu <sup>vildu</sup> ~~vildu~~ Ísl. <sup>elstu</sup> ~~vildu~~  
til lengda ~~na~~  
þeir umboðum, sem á þessv.  
urt: framkv. ~~vildu~~ 1874

~~en <sup>og</sup> ~~vildu~~ 1904 þar sem~~  
~~talit <sup>er</sup> ~~vildu~~ <sup>er</sup> ~~vildu~~ um af~~  
~~með samþykkt þeirra <sup>er</sup> ~~vildu~~ talit~~  
~~þessv. í afskiptum: Þara af~~  
~~af langt gengit til samþykkt~~  
~~ísl. máttum~~  
~~þessv. <sup>er</sup> ~~vildu~~ stjórnsvald,~~  
~~önnur en þannags, heft:~~  
~~rétt til skipta af Ísl. mál-~~  
~~þessv. feldu Ísl. "upp-~~  
~~bert: 5" 1908, sem þá heft:~~  
: framkv. verit verul. fram-  
þeir þá þeir, en áttu vor.  
En þá áttu Ísl. að skuld-  
birða sig til meðferða  
Þara í ýmsum ísl. máttum

sumum úppsögjanlega en  
sumum um 37 ára stéit. Þi  
vildu elski á þessu veg þess  
siggi met siggi ~~þess~~ sum. á  
sinni hálfa vitan þessu þess  
með þessu ríðinu, sem  
þess aldrei áttu höfðu  
vikið sem þessu.

Sambandslögur 1918

vann af samningamönnum  
sjálfum höfðu verið.  
Vitan þessu Danu á full  
veldi Þol, sem þess aldrei  
höfðu áskilð sín, von þess  
þess verði, at Danu skyldu  
um ílv. ávakið 25 ár  
þessu met kiltinu málfari  
Þolands. Þol. sem þessu  
einmitt þessu málfari þessu  
v. þ. at þessu væn gættu þessu  
sem 1908 væn ráðgjert þessu  
einungu við 25 ár. Úpp-  
sögn ílv. áv. 1918 væn þessu-  
álv. sem gættu at verbum,  
at Þol. gættu á þessu fallist,  
þessu þessu aukni meiridél. væn  
þessu siggi á meiri skapi  
og breiðt vandanu álv.

Strax 1928 og þessu

1937 en óvirklegt ljóst gættu  
af Alþingis, at ~~þessu~~ álv.  
vænn siggi þessu verða lítill  
standa en þessu og vandanu  
standi k. l.

Atkvæði 1940

Alþingis 1941

Þessu þessu gættu

ávakið 19-13. Elski

met at þessu þessu  
álv. um úppsögn.

Elski álv.

Alþingis 1928 A. 283, D 413, 414  
415.

1937 A. 628-629. D. 15-16  
no. 23.

þeirra þjóða, sem keppa við okkur á fisk-  
mörkuðunum, en verðlagið innanlands leiðir  
til þess, að ekki eru tæk á að gera þessi  
skip út. Annar skipakostur er engan veginn  
hagnýttur til hlýtar, enda verður að halda  
verulegum hluta atvinnuveganna við með  
beinum og óbeinum styrkjum úr ríkissjóði.  
Af þeirri braut verður að snúa. Frumskil-  
yrði þess, að lífvænlegt sé í landinu er,  
að atvinnuvegirnir geti, við meðal árferði og  
við skapleg aflabrogð, og ef sérstök óhöpp  
steðja ekki að, starfað styrkjalaust.

Margir styrkir til atvinnuveganna  
geta staðist, sem bráðabirgðaneyðarúræði,  
en til lengdar hljóta þeir að leiða til  
ófarnaðar. Þeir helgast af jafnvægisleys-  
inu en bæta engan veginn úr því til hlítar.  
Vegna þeirra verður að halda við margskonar  
höftum og hömlum, sem ella væri óþörf. Í  
nú tímaþjóðfélagi verður ekki komið hjá  
ýmsum ríkisafskiptum umfram það, sem menn  
áður töldu nauðsynlegt, en í þessu sem  
öðru verður að vera hóf. Nefndir og ýmis-  
konar ráð geta og mega aldrei koma í stað  
atorku einstaklingsins. Allra sízt fær  
slíkt staðist í landi eins og Íslandi.

Ísland er svo örðugt land, að  
hér geta menn aldrei lifað góðu lífi,  
allir ætla einhverjum öðrum að sjá fyrir  
sér, og ef stofulagðir spekingar ætla að  
stöðva erfiðlegar framkvæmdir eða athafnir  
manna, sem erja jörðina, stunda sjóinn,  
reka iðnað og verzlun og aðra heilbrigða  
atvinnu.

Íslendingar eru nú að vísu

orðnir vanir höftunum. Ýmsir sýnast trúa því, að þjóðfélagið komist ekki áfram haftalaust. Þeir hafa sama hugsunarháttinn, eins og hesturinn, sem lengi hefur verið í sama hafti og heldur áfram að hoppa, eftir að hnappeldan hefur verið af honum leyst. Hin miklu atvinnutæki, sem Íslendingar hafa nú yfir að ráða, gera það vissulega fært, ef bæt er úr jafnvægisleysinu í atvinnu- og fjármálalífínu og um höftin sé losað og þau afnumin með öllu innan skamms. En þetta verður auðvitað ekki gert, nema menn vilji það, ef menn hinsvegar eru sammála um eða yfirgnæfandi meirihluti manna telur, að núverandi ástand sé óviðunandi til lengdar, þá hafa menn á færi sínu að koma þessum umbótum á. Aðalatriðið er að gera sér ljóst hverjar meinsemdirnar eru og öðlast vilja til að lækna þær. Þá munu læknisráðin verða fundin, því að allt eru þetta þekkt þjóðfélagsfyrirbrigði, sem unnt er að ráða við, þó ekki sé það örðugleikalaust.

Ýmsir segja aftur á móti, að ekki megi hætta við núverandi ástandi, af því að það verði ekki gert, nema með gengisbreytingu. Auðvitað er hægt að gera það án gengisbreytingar, ef samkomulag er hægt að fá um að gera það án hennar, þá er það fyrir ýmsra hluta sakir æskilegast. Hinsvegar tjáir ekki að hrópa úlfur, úlfur, gengisbreyting, gengisbreyting. Þetta leiðir til þess, að ekkert er að gert, þar til atvinnulífið stöðvast og atvinnuleysi og örbyrgð taka

við. Hvar á að finna nýja skatta um næstu áramót. Hvernig á að borga hækkandi styrki til atvinnuveganna, svo að þeir lamist ekki með öllu. Það er ekkert markmið að keppa að gengislækkun, markmiðið hlýtur að vera hitt, að forðast atvinnuleysi og tryggja hag almennings.

Út af þessum orsökum varð ríkisstjórnin öll sammála um það, nú fyrir skömmu, að lækka gengi íslensku krónunnar um 30% miðað við gull og dollar. Þessi ráðstöfun var ekki gerð, vegna þess að menn vildu lækka gengi krónunnar eða vildu fylgja sterlingspundinu, heldur af því að þeir vildu forðast stöðvun útvegsins, forðast atvinnuleysi, forðast almenna burtlegð. Þessi staðreynd sýnir hversu fráleitt er að vera með auglýsingar í þessum efnum um óorðna hluti, sem enginn veit hvert og hvernig þer að höndum. Þegar styrkjaleiðin verður orðin ófær og hún verður það bráðlega sé hún eigi nú þegar orðin það, verða menn nauðugir viljugir að leita nýrra ráða, ef atvinnulífið á ekki að stöðvast, en þrátt fyrir allt hafa styrkjirnir einmitt að undanfögnu komið í veg fyrir að svo færi.

Þegar núverandi ríkisstjórn var mynduð fyrir tæpum 3 árum, spáðu kommúnistar því, að atvinnuleysi tæki við. Þennan spádóm hafa þeir æ ofan í æ endurtekið síðan. Enginn skyldi halda, að kommúnistar hafi þá og síðan ekki trú að á þennan spádóm.

þeir hafa verið innilega sannfærðir um, að hann mundi rætast, til þess liggja ýmsar ástæður. Umfræðing þeirra, sem borizt hefur austan frá Moskva um, að kreppa væri yfirvofandi í auðvalds- löndunum, þ.á.m. Íslandi.

Ábending um, að hér á landi hlýtu að verða sérstaklega örðugir tímar frá því búið væri að eyða erlendu inni- stæðunum, sem söfnuðust á stríðsárunum og þangað til öll nýsköpunartækin væru komin í ganginn. Þessi tími hlaut að verða frá árinu 1947 fram á árið 1949, þar var einmitt vegna þess, að kommún- istar sáu fram á þessa örðugleika, sem þeir meðal annars ruku úr ríkisstjórn- inni um áramótin 1946 og 1947. Þeir vildu geta þakkað sér velsemdartímann, sem var á meðan verið var að eyða er- lendu inneignunum og vildu ekki standa undir erfiðleikunum, sem hlutu að koma um sinn þar á eftir. Þessir örðugleikar hafa síðan magnast við stöðugan aflabrest á sumarsíldveiðunum og nú á þessu síðasta ári við það, að Hvalfjarðarsíldin brást, eftir að búið var að verja stórfé til að vera reiðubúin til að hagnýta hana betur en áður.

Þótt ótrúlegt sé leynir sér ekki, að kommúnistar hafa beinlínis gortað sér yfir þessum óhöppum og telja þau vatn á sína myllu, sem mikið er til í, því að öll vandræði skapa betri jarðveg fyrir óheillastefnu kommúnismans. Þó að sitt- hvað megi að núverandi stjórnarsamstarfi finna, hefur þrátt fyrir allt tekizt að

koma í veg fyrir, að þessar ófarnaðarspár kommúnista rættust. Væri þó synd að segja að kommúnistar hefðu legið á liði sínu til að fylgja þeim eftir. Hitt er annað mál, hvort réttu aðferðinni hefur verið beitt til að ná þessu marki. Það er umdeilanlegt en um hitt geta menn naumast deilt, að ef núverandi aðferð dugar ekki lengur, t.d. einfaldlega af því að menn treysta sér ekki til að leggja á þyngri skatta, en þeir þegar hafa gert, þá dugar ekki að láta hendur fallast í skaut, heldur verður að ná márkinu, fullri atvinnu og velmegun almennings, með öðrum leiðum.

Nú kynnu sumir að spyrja, hvernig stæði á því, að ég sem hefi verið í ríkisstjórn á þessu tímabili, skuli ekki vera sannfærður um, að sú leið, sem farin hefur verið og ríkisstjórnin óneitanlega þer ábyrgð á, sé hin besta.

Svarið við þessu er ofur einfalt. Aðalgalli stjórnmalalífsins á Íslandi nú, en hefur einnig mikil áhrif á fjárhags- og atvinnulífið, er, að enginn samfelldur meiri hluti er á alþingi Íslendinga. Á Alþingi eru fjórir flokkar, Einn þeirra hefur að vísu sagt sig úrlléik. Enginn hinna hefur meirihluta og samlyndið milli þeirra er vægilega orðað misjafnlega gott.

Ekki nóg með það að samlyndið milli flokkanna er harla bágborið, heldur er einnig vitað, að í flestum meiriháttar málum eru Alþýðuflokkurinn og Framsóknarflokkurinn gersamlega klofnir. Klofningurinn í Alþýðuflokknum skiptir raunar minna máli. Þar eru aðeins minniháttar þing-



menn tveir, sem tekið hafa sig út frá flokksheildinni og reyna að gera henni þann mizka, er þeir mega.

Um Framsóknarflokkinn horfir þetta við á annan veg, þar eð sjálfur formaður flokksins ásamt einum eða tveimur þingmönnum, og aðalmálgangni flokksins, er í andstöðu við meirihluta þingflokks og miðstjórnar í nær öllum málum, er verulega þýðingu hafa. Framsóknarflokkurinn hefur verið hófinn í öllum eða nær öllum utanríkismálum, sem nokkru skipta, frá því að hann lét af stjórnarforustu fyrrihluta ársins 1942. Í því sambandi nægir að minna á afstöðuna tilsendirbúnings lýðveldisstofnunarinnar, þátttöku í Sameinuðu þjóðirnar, þátttöku í Efnahagssamvinnunni, sem kennd er við Marshall, samninginn um Keflavíkurflugvöll og brottfall hervarnarsáttmálans frá 1941 og síðast en ekki sízt þátttökuna í Atlantshafsbandalaginu.

Þessi ágreiningur hefur verið mest áberandi um utanríkismálin en engan vegin takmarkast við þau. Sumpart af því, að formaður flokksins hefur verið á móti núverandi stjórn frá því, að hún var mynduð, og lagt alla þá steina í götu hennar, er hann gat til tínt.

Af þessum sökum hafa flest ríki í vesturhluta heims, hvort heldur í Evrópu eða Ameríku, séð sig tilneydd til að mynda samtök sín á milli, svo sem heimilað er í sáttmála hinna Sameinuðu þjóða. Enn vitum við eigi gjörla, hvers eðlis þau samtök verða, sem nú er um rætt, en víst er, að þau verða innan ramma sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Þeir, sem eru andvígir þessum nýju samtökum, af því að þau séu hernaðarsamtök, hljóta þá eigi síður að vera andvígir sjálfum Sameinuðu þjóðunum, því að þau samtök eru sjálf eigi síður hernaðarsamtök en þessi. Hin nýju samtök eiga aðeins að veita þjóðunum það öryggi, sem Sameinuðu þjóðunum hefur ekki tekizt að veita.

Með þátttöku sinni í Sameinuðu þjóðunum vörpuðu Íslendingar fyrir fullt og allt frá sér þeirri hugmynd að halda fast við algert hlutleysi.

En hvað er um þá kenningu, er því var haldið fram á stúdentafundi fyrir jólin, að vegna ákvæða 92. greinar hegningarlaganna frá 1940 væri Íslendingum óheimilt að bregða frá yfirlýsingunni um svarandi hlutleysi?

Svo er að sjá, sem hótunin um 10 ára fangelsi til handa hverjum þeim, sem móti þessu bryti, hefði rík áhrif á hina lög-hlýðnu ritstjóra þjóðviljans eigi síður en háskólastudentana, sem þessi vizka var fyrst borin á borð fyrir.

Það er rétt, að <sup>í</sup>92. gr. hegningarlaganna er gert ráð fyrir, að Ísland kunní að vera hlutlaust í ófriði, og er þá byggt á, að svo sé ákveðið af réttum stjórnarvöldum íslenskum. Ef rétt stjórnarvöld hafa málts svo fyrir, er öðrum að sjálfsögðu óheimilt að breyta þar á móti, og við því lögð refsing.

En þetta ákvæði skyldar ekki íslenska ríkið frekar til að vera ævinlega hlutlaust frekar en t.d. 89. grein hegningarlaganna skyldar íslensk stjórnvöld til að láta íslenska ríkið stíð vera í ófriði, þó að þar sé gert ráð fyrir, að íslenska ríkið kunnir að vera í ófriði.

Tilsvarendi ákvæði við hlutleysisákvæðin í 92. gr. hegningarlaganna höfðu verið í gildi hér á landi löngu áður en yfirlýsingin um svarendi hlutleysi var sett 1918 og koma henni ekki neitt við. Skrafið um þessi fyrirmæli hegningarlaganna sýna einuugis hversu óraunhæfar og fjarstaðar veruleik-  
anum hugsanir þeirra manna eru, sem á slíkum heila-  
spuna vilja byggja öryggi íslensku þjóðarinnar.

Auðvitað vilja Íslendingar í lengstu lög komast hjá að dragast inn í deilur annarra. Umfram allt viljum við þó koma, eftir okkar litlu getu, í veg fyrir, að ófriður brjótist út, og vinna að því, að, ef ófriður brýst út, hafi hann sem minnst tjón í för með sér fyrir Íslendinga.

Fullkomið öryggi fæst aldrei. Það mundi ekki fást þó að allir Íslendingar vígbyggist og fengi hingað helmingi fleiri menn til aðstoðar. Slíkt hefur heldur engum dottið í hug. Það, sem meta verður, er þetta: Er hægt að fá aukið öryggi án þess að láta nokkuð það af hendi, sem við viljum ekki með neinu móti fórnna.

Íslendingar vilja ekki erlendan her í landi sínu. Á friðartímum getum við komið í veg fyrir her-  
setu. Reynslan hefur þegar sýnt, að á ófriðartímum getum við það ekki.

En með skynsamlegum aðgerðum getum við e.t.v. haft áhrif á, hvaða her verði í landinu. Menn vilja fremur forðast heri þeirra þjóða, sem berar eru að

yfirgangi við smáþjóðir og kúgun og ofbeldi, heldur en hinna, sem við vitum af reynslunni, að eru okkur vinveittir, virða sjálfstæði okkar og hyggja hér ekki til landvinningsa.

Vel getur að því komið, að við þurfum um þetta að velja.

Þegar Hitler gerði árásina á Noreg vorið 1940 sögðu Bretar, að nú hefði hann gefið færi á sér. Vegna flotastyrks Breta gæti Þjóðverjar aldrei haldið Noregi nema örskamma stund. Þetta var trú manna þá, en reynslan varð önnur. Þjóðverjar héldu Noregi nálega jafnlengi og stríðið í Evrópu stóð.

Ég veit ekkert um næstu styrjöld annað en, að ég vona að hún verði aldrei. En ef hún verður, þá er það eins víst og nokkur óorðinn atburður getur verið, að báðir aðilar munu telja sér mjög mikinn styrk að því að hafa aðstöðu á Íslandi.

Menn segja, að sé einn geti haldið landinu, sem ráði á hafinu. Það er það sama, sem sagt var um Noreg fram yfir miðjan apríl 1940. Við skulum vona, að spánn okkar rætist betur. En lítil huggun held ég, að öllum þorra Íslendinga sé í því, að öllu sé óhætt vegna þess, að okkar eðlilegu bandamenn muni reka hina burtu, ef þeir koma á undan. Það kynni að visu að verða fögnuður á himnum, ef helmingur Íslendinga þyrfi til himneskra bústaða og væri drepinn samtímis, eins og séra Sigurbjörn Einarsson huggaði menn með. En ég vildi ekki lifa þann tíma, ef slíkt henti þjóð okkar.

Af veikri getu okkar verðum við að reyna að koma í veg fyrir slíkar hörmungar. Athafnaleysið, blint og skilningssljótt á atburði umheimsins, er vílasti vegurinn til að leiða þær yfir okkur.

Við erum sérstök þjóð og sjálfstætt ríki.